

Nr. 054 / 12 Straumur EA 18***Austur kemur í bátinn***

Skipaskr.nr. 2331
Smíðaður: Hafnarfirði 1999, plast
Stærð: 9,16 bt.
Mesta lengd: 11,13 m Skráð lengd: 10,27 m
Breidd: 2,8 m Dýpt: 1,27 m
Vél: Volvo Penta 190 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Straumur ©Hafbór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. júní 2012 var Straumur EA 18 á siglingu á Eyjarfirði. Veður: NA Gola.

Sigt var á fullri ferð til hafnar og þegar komið var upp undir Hrólfssker lagðist báturinn á hliðina og saup sjó yfir lunninguna. Skipstjóri sá að sjór sprautaðist í loft upp úr spúlsöngunni og stöðvaði hann dæluna áður en hann fór aftur á til að athuga hverju sætti með slagsíðuna. Hann sá fljótlega að lestin var hálf full af sjó svo hann ræsti dæluna í lestinni og tilkynnti strandstöð um aðstæður.

Skipstjóri beygði í borð til að reyna að rétta bátinn en þá féll hann yfir á hina síðuna. Með því að sigla í hringi á minnkaðri ferð tókst honum að halda bátinum á réttum kili og dæla alveg úr honum.

Við rannsókn kom fram:

- að lestin var opin á siglingunni og um 1.100 kg af fiski var í henni. Sjóspúllinn var búinn að hálfylla hana af sjó en hann komst ekki í önnur rými;
- að flotrofsdæla var í lestinni en hún var ekki stillt á flotrofann;
- að bátsverjinn var búinn að sigla í tvær klst. þegar báturinn lagðist á hliðina.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að báturinn var ekki gerður sjóklár.